

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 19. mars 2025

Mál nr. S-1696/2024:

Ákærvaldið

(Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Árbjarti Snæ Kristjánssyni

(Ómar Örn Bjarnþórsson lögmaður)

(Klara Óðinsdóttir lögmaður brotaþola)

Dómur

Mál þetta, sem var þingfest 3. september 2024 og dómtekið 19. febrúar sl., höfðaði héraðssaksóknari með ákæru útgefinni 18. júlí 2024 á hendur Árbjarti Snæ Kristjánssyni, kt. 000000-0000, [...], [...]:

„fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, húsbrot og eignaspjöll, með því að hafa að morgni sunnudagsins 13. mars 2022, að [...] í [...], valdið spjöllum á bifreiðinni [...], sem er í eigu A, kt. 000000-0000, þar sem hún stóð á bifreiðastæði fyrir utan húsið, með því að slá slökkvitæki nokkrum sinnum í framrúðu bifreiðarinnar þannig [að] rúðan brotnaði, og að því búnu farið heimildarlaust inn á heimili A í húsinu, og ráðist að A og stungið hann tvisvar með hnífi vinstra megin í brjóstakassa, en þeir lentu í átökum í kjölfar þess, allt með þeim afleiðingum að A hlaut punktsár ofarlega á brjóstakassa niður undan holhönd í hæð við geirvörtu, örlítið punktsár neðarlega á brjóstakassa ásamt 3 sm línulaga mari eða hrufli, væg eymsli innanvert á neðri vör, örlítið hrufilsár og væg eymsli á vinstri olnboga, eymsli og væga bólgu í kringum hægri þumalrót og fram á þumalinn og væg eymsli neðan við vinstri hnéskel.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr., 231. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Fyrir hönd A, kt. 000000-0000, er þess krafist að ákærða, Árbjarti Snæ Kristjánssyni, kt. 000000-0000, verði gert að greiða A skaða- og miskabætur samtals að fjárhæð kr. 4.000.000 með vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 13.03.2022, en síðan með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., vaxtalaga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að krafan er birt ákærða til greiðsludags. Þá er enn fremur gerð krafa um greiðslu alls munatjóns vegna líkamsárásarinnar, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1993. Þá er þess jafnframt krafist að ákærða verði gert að greiða tjónþola málskostnað að skaðlausu skv. síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða mati réttarins, að viðbættum 24% virðisaukaskatti, fyrir að halda fram bótakröfu sinni í málinu.“

Ákærði krefst þess aðallega að honum verði ekki gerð refsing og að skaðabótakröfu verði vísað frá dómi en til vara vægustu refsingar er lög leyfa og að bótafjárhæð verði verulega lækkuð. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun verjanda samkvæmt tímaskýrslu.

I

Málavextir

Samkvæmt frumskýrslu lögreglumanns nr. B, sunnudaginn 13. mars 2022, var lögregla send að beiðni Fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra að [...] vegna aðila sem hefði ráðist að öðrum aðila með hnífi. Á gangi neðri hæðar við baðherbergishurð hefði mátt sjá tvo aðila í átökum, þar sem A húsráðandi og brotaþoli hefði haldið ákærða niðri á gólfinu. Ákærði, sem hefði verið færður í handjárn, hefði verið í annarlegu ástandi, gefið frá sér einkennileg hljóð, verið kófsveittur og málfar óskýrt, auk þess að muldra að hann hefði eingöngu fengið sér áfengi. Sjúkraflutningamenn hefðu hvorki talið ástæðu til að hlúa að sári á olnboga ákærða sem hefði blætt úr né grunnu stungusári ásamt skrámu á vinstri kvið brotaþola. Brotaþoli kvaðst hafa heyrt mikil læti frá efri hæð hússins alla nóttina og hafa farið upp um kl. 04:00 til að biðja ákærða að minnka lætin því ekki væri svefnfriður. Brotaþoli kvaðst svo hafa vaknað upp úr kl. 07:00 en þá hefði ákærði verið að skyrpa á bifreið brotaþola og reyna að brjóta framrúðuna með slökkvitæki. Í skýrslunni segir að slökkvitækið hefði verið ofan á bifreiðinni og framrúðan sjáanlega brotin. Brotaþoli kvaðst hafa hringt á Neyðarlínuna og farið upp á stigapall til að kanna nafn ákærða því hann hefði ekki munað það. Ákærði hefði þá hlaupið inn í íbúð brotaþola sem kvaðst hafa hlaupið á eftir ákærða en hann hefði komið út úr eldhúsinu með hníf og

stungið brotþola í vinstri kvið með þeim afleiðingum að grunnt stungusár myndaðist. Hnífsblaðið hefði brotnað af skaftinu við átökin en brotþoli kvaðst hafa snúið ákærða niður og haldið þar til lögregla kom á vettvang. Í skýrslunni segir einnig að á vettvangi á efri hæð hefði íbúðin verið mannlaus en sést að þar hefði mikið gengið á, brotinn lampi á ganginum, auk þess sem rótað hefði verið í hnífaparaskúffu og hnífapör á gólfinu. Hnífurinn sem hefði verið beitt í átökunum hefði verið haldlagður. Í skýrslunni eru myndir af vettvangi, af haldlögðum hnífi, skemmdum á bifreið og af áverkum brotþola.

Rannsóknarlögreglumaður nr. C tók lögregluskýrslu af brotþola á vettvangi. Kvaðst brotþoli hafa vaknað um fjögurleytið við öskur og læti og að barið væri í gólf efri hæðar. Ákærði hefði svo bankað á hurðina hjá brotþola og muldrað eitthvað um að hann vildi koma og móðga hann en brotþoli kvaðst hafa sagt að það væri algjör óþarfi. Þá hefði ákærði sagt að hann ætlaði að setja olíu á bíl brotþola, sem kvaðst hafa svarað að það væri olía á bílnum. Brotþoli kvaðst hafa beðið ákærða um að hætta þessu og fara að sofa og boðið honum góða nótt. Brotþoli kvaðst svo hafa heyrt ákærða hrækja á bílinn og hafa þá beðið ákærða að róa sig en hann sagði að allir væru á móti sér og brotþoli væri að vanvirða hann. Brotþoli kvaðst hafa tekið samtalið upp á símann sinn og hafa sagt ákærða að enginn væri á móti honum og að hann ætti að leggja sig. Skömmu seinna hafi hann heyrt læti og séð ákærða berja bílinn með slökkvitæki. Brotþoli kvaðst ekki hafa viljað hitta ákærða, tekið stutt myndband af þessu og hringt í lögregluna, sem hefði spurt um nafn ákærða. Brotþoli kvaðst hafa stokkið upp til að athuga það, hlaupið aftur niður og séð ákærða hlaupa inn í íbúðina sína, en sem betur fer ekki farið inn til sonar brotþola. Ákærði hefði verið í eldhúsinu, öskrað, hlaupið á móti brotþola og reynt að stinga hann vinstra megin í síðuna en hnífurinn hefði brotnað. Brotþoli kvaðst hafa snúið ákærða, sem hefði verið blóðugur, niður og setið klovvega yfir honum og haldið höndum hans þar til lögreglan kom. Brotþoli kvaðst hafa sagt syni sínum að loka hurðinni og koma ekki fram. Brotþoli kvaðst ekki hafa tekið eftir því að ákærði væri með hníf, sem hefði verið lítill með plastskafti, fyrir en eftir að hann hefði reynt að stinga sig. Brotþoli kvað áverkann ekki vera mikinn en finna fyrir honum og vera aðeins aumur í hægri hendi.

Í málinu liggur fyrir ljósmyndaskýrsla af vettvangi 13. mars 2022 auk skjáskots af upptöku brotþola. Í skýrslu rannsakara, dags. 23. mars 2022, kemur m.a. fram að sími brotþola hafi brotnað í átökunum og að brotþoli hafi tekið tvö myndskleið, annars vegar er hann ræddi við ákærða og hins vegar er ákærði barði bifreið brotþola með slökkvitæki

og eru upptökurnar meðal gagna málsins. Einnig er meðal gagna málsins ljósmynda- skýrsla, dags. 13. mars 2022, af áverkum brotaþola á slysadeild og upptaka af vettvangi úr búkmyndavél lögreglumanns nr. 0802.

Samkvæmt læknisvottorði D, sérfræðilæknis nr. [...], á bráða- og göngudeild Landspítala, dags. 12. apríl 2022, leitaði brotaþoli á slysadeild Landspítala í Fossvogi síðdegis 13. mars 2022 vegna áverka sem hann fékk við líkamsárás að morgni þess dags. Nágranni hafi skemmt bifreið brotaþola og ráðist í framhaldi inn í íbúð hans með hníf og þeir lent í átökum. Viðkomandi hafi gert tilraun til að stinga brotaþola í brjóstkassann eftir að hnífurinn brotnaði snemma í átökunum. Áverkinn hafi verið í gegnum föt. Við skoðun hafi brotaþoli verið með væg eymsli og mögulega bólgu á innanverðri neðri vör en þó ekki sést augljóst mar. Neðarlega vinstra megin á brjóstkassa hafi verið um 3 cm línulaga mar eða hrúfl og örlítið punktsár. Ofarlega á brjóstkassa niður undir holhönd í hæð við geirvörtu hafi verið punktsár. Þessi sár gætu samrýmst því að vera eftir mar/yfirborðshrúfl eftir hníf eins og brotaþoli hafi lýst. Örlítið hrúflsár á vinstri olnboga og væg eymsli, enginn brotgrunnur. Eymsli kringum hægri þumalrót og fram á þumal. Væg bólga en enginn brotgrunnur. Væg eymsli við vinstri hnéskel en mar ekki sést. Í samantekt og áliti kemur fram að áverkar brotaþola hafi verið í samræmi við áverkalýsingu. Áverkar á brjóstkassa geti samrýmst því að tilraun hafi verið gerð til að stinga hann með brotnu hnífsblaði. Dreifðir áverkar annars staðar á líkama samræmist því að hafa lent í átökum en allir áverkar minniháttar sem ættu að jafna sig á 10 dögum eða hálfum mánuði hið mesta. Ekki sé ástæða til að ætla að brotaþoli fái varanlegar afleiðingar af áverkunum en hann hafi ekki komið aftur á slysadeild.

Tekin var lögregluskýrsla af ákærða að kvöldi 13. mars 2022 að viðstöddum lögmanni. Ákærði kvaðst hafa drukkið vín um nóttina og hafa heyrt eitthvað milli hæða. Hann hafi spýtt á bíl brotaþola en stoppað sig og verið í óminnisástandi eftir það. Aðspurður um aðdraganda átakanna kvaðst ákærði vita að hann væri með vænisýki og hafa sannfært sjálfan sig um að einhver niðurlæging væri í gangi gagnvart sér en ekki vita hvort svo hafi verið. Ákærði kvað aðspurður enga forsögu hafa verið að átökunum og ekki vita hvers vegna hann hafi gert þetta. Ákærði kvaðst aðspurður hafa drukkið 750 ml flösku af 20% þúrtvíni. Ákærða kvaðst líða hræðilega andlega, engum treysta og halda að allt sé árás á sig sem sé undirliggjandi ástæða þó að það afsakaði ekki neitt. Ákærði kvaðst aðspurður um afstöðu til sektar eða sakleysis vera sekur og opin fyrir því að bæta tjónið.

Meðal gagna málsins er bréf til ríkissaksóknara, dags. 7. maí 2024, þar sem m.a. kemur fram að samkvæmt mati héraðssaksóknara gefi fyrirliggjandi gögn málsins ekki tilefni til að fella háttsemi kærða undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en gæti hins vegar varðað við 1. mgr. 217. gr. sömu laga. Gögn málsins voru send til ákvörðunar varðandi heimfærslu brotsins, sbr. 5. mgr. 23. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Í svarbréfi ríkissaksóknara, dags. 4. júní 2024, kemur m.a. fram að brotþoli hafi lýst því að kærði hafi ráðist að honum með hnífi og reynt að stinga hann vinstra megin í síðuna. Brotþoli hafi greinst með tvo minniháttar áverka á vinstri síðu sem samkvæmt læknisvottorði geti samræmst því að vera eftir hnífsblað. Að mati ríkissaksóknara hafi líkamsárásin verið sérstaklega hættuleg vegna þeirrar aðferðar og tækja sem var beitt, sbr. orðalag 2. mgr. 218. gr., þrátt fyrir að hún hafi ekki haft alvarlegar afleiðingar. Í því samhengi var vísað til tveggja dóma Landsréttar, í málum nr. 59/2018 og 874/2019, þar sem sannað þótti að sakborningar hefðu sveiflað hnífi í átt að eða gert tilraun til að stinga brotþola með hnífi. Í báðum tilvikum hafi verið talið að um tilraun til sérstaklega hættulegrar líkamsárásar væri að ræða og því lagt til að brotið yrði heimfært undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Í bréfi embættis héraðssaksóknara til lögreglu, dags. 10. júlí 2024, kemur m.a. fram að rannsókn málsins hafi ekki verið að fullu lokið að mati embættisins, þannig að unnt væri að taka ákvörðun um saksókn á grundvelli 145. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Var því óskað eftir frekari rannsókn málsins eins og nánar greini í rannsóknaráætlun í lögreglukerfinu LÖKE.

Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu, dags. 12. júlí 2024, vegna fyrirspurnar til Neyðarlínunnar um að fá upptök af símtölum brotþola og sonar hans, hefur Fjar-skiptamiðstöð lögreglu aðeins aðgang að hljóðupptökum sex mánuði aftur í tímann en eftir það eru þær vistaðar af 112 í eitt ár. Það þýði að hljóðupptök frá 112 væru til frá 1. janúar 2023.

Meðal gagna málsins er vottorð sálfræðingsins E, dags. 30. ágúst 2024, vegna brotþola. Þar kemur m.a. fram að brotþoli hafi mætt í viðtöl 16. og 29. september 2022 en ekki mætt í önnur bókuð viðtöl, sem ýmist hafi verið afbókuð samdægurs eða hann ekki mætt án þess að láta vita. Ástæða komu í fyrra viðtal hafi verið afleiðingar ársásar þann 13. mars 2022 á heimili brotþola. Hann væri að upplifa áfallaeinkenni í kjölfarið sem hafi truflandi áhrif á líf hans. Hann hafi lýst sterkum forðunareinkennum, fundið fyrir óútskýrðum kvíða, eigi erfitt með að hitta og vera í kringum annað fólk, vera pirraðri

og stutt í vonleysi, auk þess að eiga erfitt með svefn. Í öðru viðtali hafi brotapolí verið fræddur um áfallastreitu og áfallastreituröskun og drög að meðferðarvinnu lögð fyrir sem ekki hafi farið lengra. Í samantekt kemur m.a. fram að brotapolí hafi lýst einkennum sem samsvari einkennum sem þekkt séu hjá fólki sem hafi upplifað alvarleg áföll eins og líkamsárás. Þar sem aðeins hafi verið um tvö viðtöl að ræða hafi ekki verið farið í gegnum formlega greiningu og engin meðferð átt sér stað.

Í málinu liggur fyrir læknisvottorð F sérnámslæknis, dags. 16. september 2024. Þar kemur m.a. fram að ákærði hafi [...]. Hann hafi í [...]. Í tengslum við það hafi hann einnig verið [...]. Hann hafi [...]. Ákærði hafi [...], fengið [...]. [...] Í kjölfarið hafi ákærði [...], þar sem hann hafi verið [...]. [...] Hann hafi verið [...]. Ákærði hafi [...], [...]. [...].

Í þinghaldi 20. september 2024 var að beiðni ákærvaldsins dómkvaddur G geðlæknir, til að framkvæma mat á sakhæfi ákærða á verknaðarstundu, samkvæmt beiðni ákærvaldsins í matsbeiðni. Samkvæmt matsgerð, dags. 17. nóvember 2024, var lagt fyrir ákærða að svara spurningum um afstöðu hans til atburðar og var niðurstaðan sú að ákærði sjái mikið eftir atvikinu og hafi lengi haft samviskubit. Hann taki fulla ábyrgð á því sem hann gerði en viðurkenni að hafa verið andlega tæpur og að áfengi hefði gert illt verra og ruglað hann. Varðandi [...] ákærða kemur m.a. fram að ákærði hafi við upphaf [...]. Hann hafi greint frá því að [...]. Allt hafi bent til þess að ákærði hefði verið með [...]. Ákærði hafi tengt við texta í tónlist [...]. Hann hafi getu til að halda rútinu og mæta vel í vinnu en þurfi [...]. Ákærði hafi byrjað [...] í [...] % starfi sem hafi gengið vel.

Í samantekt gagna, geðskoðana og viðtala kemur m.a. fram að ákærði hafi sýnt ágæta samvinnu við geðskoðanir. Vísbendingar hafi komið [...]. Ekki hafi sést [...]. Ákærði sé örugglega vel gefinn en vegna [...] og [...] sé verulegur [...]. Ákærði skilji reglur og lög samfélagsins og viti mun á réttu og röngu. Hann viti því alltaf muninn á réttum og röngum athöfnum og sé hvorki siðblindur né andfélagslegur að upplagi. Óljóst sé hvort ákærði geti búið einn án stuðnings og aðhalds sem hann fái frá foreldrum í dag. Vegna [...] og [...] hafi fólk haft af ákærða pening. Mikilvægt sé að hann noti ekki áfengi.

Niðurstaða matsmanns er að ákærði sé örugglega sakhæfur samkvæmt 15. gr. almennra hegningarlaga verði hann fundinn sekur um þá háttsemi sem hann er ákærður fyrir. Við atburði sé ákærði [...]. [...] sé byrjaður að versna en sjálfur segi hann hluta atburðar hafa verið framkvæmdan í óminnisástandi vegna áfengis. Þessi [...] leiði ekki til ósakhæfis samkvæmt 15. eða 16. gr. almennra hegningarlaga. Einkennin útiloki ekki

að fangelsisvist eða refsing komi að gagni. Vegna [...] ákærða, [...], [...] og sögu um [...] sé hins vegar mikilvægt að sú þjónusta sem skilað hafi miklum árangri haldi áfram en honum gangi vel í núverandi endurhæfingu. Skynsamlegast væri að ákærði fengi vægan dóm þó að það sé að sjálfsögðu mat dómstóls. Ekki sé nein þörf á öryggisgæslu.

II

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði kvaðst hafa verið með ofsareiði og örvinglan vegna minnimáttarkenndar og vænisýki sem ekki hafi beinst að neinum sérstökum. Honum hafi liðið [...], allir væru á móti sér og að eyðileggja fyrir sér. Ákærði kvaðst [...]. Þennan dag kvað ákærði aðspurður foreldra sína hafa verið erlendis og hann hafi heyrt bankað í takti í eldhúsinu, sem hann hafi túlkað sem lag úr Gosa. Hann hafi tengt það við að hafa skorið á öll tengsl við skóla og fjölskyldu og túlkað sem frelsi, sem væri þó ekki frelsi í raun. Ákærði kvaðst ekki vita hvort brotþoli hafi bankað, hvort um ofheyrnir hafi verið að ræða eða hvort einhver hafi bankað á gluggann. Ákærði kvaðst aðspurður hafa reiðst við bankið og móðgast við brotþola, kvaðst aldrei hafa langað til að meiða brotþola en hafa langað til að hefna sín á honum. Honum hafi dottið í hug að hrækja á bíl brotþola, ákveðið að drekka í sig kjark, klárað eina þúrtvínsflösku á um 20 mínútum og gengið á milli spegla. Reiðin hafi stigmagnast og ákærði hafi farið út með þá hugmynd að brotþoli væri hluti af plotti sem væri að eyðileggja fyrir sér. Ákærði kvaðst hafa farið inn í herbergið fyrir ofan herbergi brotþola og bankað í gólfið en aðspurður kvaðst ákærði hafa talið að brotþoli hefði lítilsvirt sig. Ákærði kvaðst aðspurður hafa varað brotþola við og hafa ætlað að hella olíu yfir bílinn hans en brotþoli hafi sagt sér að hætta, ella myndi hann hringja á lögregluna. Ákærði kvaðst þá hafa farið aftur upp, orðið mun reiðari og drukkið aðra víNFLösku en við það komist í óminnisástand. Hann hafi rankað við sér að ráðast á bíl brotþola með slökkvitæki en dottið aftur í óminnisástand eftir það og muna eftir sér aftur á ganginum hjá brotþola við handtöku lögreglu. Ákærði kvaðst í kjölfarið hafa hreytt í brotþola að hann vildi drepa brotþola og ætlaði að elta hann uppi, sem hann hafi ekki haft vilja til. Aðspurður kvaðst ákærði hafa slegið slökkvitækinu í bifreið brotþola því hann hafi verið í einhverri maníu og ofsareiði, líklegast vegna drykkju, og ekki náð að stöðva sig vegna ofsareiði. Ákærði kvaðst aðspurður hafa náð í slökkvitækið á efri hæð í íbúð foreldra sinna, í herbergi við baðherbergi rétt við anddyrið. Ákærði kvaðst aðspurður hafa vitað eftir á hvað hann hefði gert við bifreiðina en ekki hafa

minningu um það. Aðspurður hvort hann hefði farið inn í íbúð brotþola umrætt sinn kvaðst ákærði hafa rankað við sér í íbúð hans en hann kvaðst ekki muna hvort opið eða lokað hefði verið inn í íbúðina. Ákærði kvaðst hafa séð síðar að hann hefði tekið upp myndband og því ímynda sér að opið hefði verið inn í íbúðina en kvaðst stórlega efa að honum hafi verið boðið inn. Aðspurður hvort ákærði hafi ráðist á brotþola og beitt hann ofbeldi kvaðst ákærði ekki muna eftir því þar sem hann hafi verið í óminnisástandi. Það kæmi fram í lögregluskýrslu að svo hefði verið og að hann hefði ráðist að brotþola með brotnum hnífi en sem betur fer hefðu áverkar ekki verið miklir. Ákærði kvaðst ekki muna eftir að hafa opnað hnífaparaskúffu í íbúð foreldra sinna eða að hafa sett tvo hnífa í anddyrið en kannaðist við að foreldrar hans ættu steikarhnífa. Ákærði kannaðist við mynd af opinni hnífaparaskúffu sem væri á heimili foreldra hans sem og að hnifar á mynd af anddyri væru hnifar frá heimilinu, en kannaðist ekki við að hafa sett þá þar.

Ákærða kvaðst hafa liðið hræðilega daginn eftir þegar hann hafi áttað sig og verið fullur eftirsjár. Hann hafi leitað sér aðstoðar í kjölfarið og [...]. Aðspurður kvaðst ákærði í dag vera með [...], en aðeins hafa [...] og ekki [...]. Hann hafi í bataferli farið í gegnum [...], lært að hugsa rökrétt og að breyta hugarfari sínu en [...]. Honum liði í dag eins og öðrum manni, væri farinn að vinna og væri sáttari við sjálfan sig.

Brotþoli, A, kvaðst hafa leigt íbúð á neðri hæð hússins af foreldrum ákærða í nokkur ár. Sonur sinn hafi verið í umgengni hjá sér og þeir vaknað fyrir kl. 06:00 við að það væri eins og barið með hamri í gólfið fyrir ofan. Brotþoli kvaðst hafa heyrt öskur í ákærða fyrir utan en síðan hafi ákærði bankað upp á og farið að tala um að „þetta væri allt brotþola að kenna“ og að brotþola líkaði ekki við hann. Aðspurður sagði hann brotþola frekar hafa virkað vonsvikinn en reiðan á þeim tímapunkti. Brotþoli kvaðst hafa sagt ákærða að það væri þvert á móti og sagt honum að fara upp og leggja sig. Ákærði hafi svo bankað aftur og kvaðst brotþoli þá hafa reynt að tala hann til, því hann vissi að ákærði ætti erfitt því hann hefði séð ákærða fluttan burt af lögreglu, auk þess sem foreldrar ákærða hefðu sagt sér frá því. Brotþoli kvaðst hafa tekið það samtál upp. Skömmu síðar hafi hann heyrt rúðu brotna en þá hafi ákærði verið að slá í bíl brotþola með slökkvitæki, sem hafi væntanlega komið af heimili ákærða. Brotþoli kvaðst hafa tekið athæfið upp og hringt í lögregluna, sem hafi spurt um fullt nafn ákærða, en brotþoli kvaðst hafa hlaupið upp til að athuga það og skilið hurðina eftir í hálfu gátt. Hann hafi verið að koma niður þegar ákærði hafi hlaupið inn í íbúðina, en honum hafi alls ekki verið boðið þangað inn. Ákærði hafi svo sparkað í hurðina hjá syni brotþola en brotþoli

kvaðst hafa mætt ákærða á ganginum fyrir framan herbergið. Ákærði hafi ráðist hlaupandi og öskrandi á sig með hnífi, af miklu afli miðað við hvað ákærði væri lítill. Brotapoli kvað ákærða hafa stungið sig tvívegis en kvaðst ekki hafa séð að ákærði væri með hníf fyrir en hann hafi fundið fyrir eins og ákærði hefði eins og kýlt sig í síðuna, ákærði hafi sleppt hnífnum um leið og hann brotnaði en brotapoli kvaðst hafa snúið ákærða niður um leið og hann sá hnífinn. Brotapoli kvaðst ekki átta sig á hvort hnífurinn hafi brotnað við fyrri eða seinni stunguna og ekki muna hvort hann hafi fengið fleiri áverka, en hann hafi fengið áverkavottorð daginn eftir. Brotapoli kvaðst aðspurður hafa séð hnífinn eftir að hann brotnaði og minna að hann hafi brotnað nálægt skaftinu sem hefði verið á gólfinu í ganginum. Aðspurður um að hnífsblaðið hafi fundist á gólfi við stofuvegg sagði brotapoli átökin hafa byrjað nær stofunni og færst að baðherberginu. Brotapoli kvaðst ekki hafa átt hnífinn eða hnífa í forstofu. Brotapoli kvaðst hafa tekið ákærða niður á ganginum fyrir framan baðherbergið og hafa haldið honum þar til lögreglan kom.

Aðspurður kvað brotapoli ákærða aldrei hafa komið inn í íbúðina áður og hann hafi ekki verið velkominn. Aðspurður hvort sonur hans hafi gert eitthvað sagði brotapoli hann hafa hringt í lögregluna þegar ákærði sparkaði í hurðina. Brotapoli kvaðst hafa öskrað í átökunum á son sinn að hann ætti ekki að koma fram og „hann er með hníf“ en brotapoli kvaðst hafa óttast um son sinn og sjálfan sig. Brotapoli kvaðst minna að hann hafi klæðst bol, sem á hafi komið tvö göt en hann væri búinn að henda honum og kvað vel get verið að hann hafi farið í peysu eftir atvikið. Brotapoli kvaðst ekki hafa getað sofið í tvo daga og ekki mátt heyra bank en hann hafi farið verið frá vinnu í lengri tíma á eftir. Að ráði heilsugæslustöðvar hafi hann farið til sálfræðings sem hafi hjálpað sér mikið en brotapoli kvaðst vera þakklátur fyrir að enginn hafi dáið og að lögregla hafi komið á staðinn.

Vitnið H, sonur brotapola, kvaðst hafa verið inni í herbergi sínu með hurðina í hálfu gátt, þegar sparkað hafi verið í hana. Hann hafi þá hringt í lögregluna og tilkynnt um árás með hnífi og verið í símasambandi við lögregluna þar til lögreglumenn komu á vettvang. Kvaðst hann ekki hafa séð hvað átti sér stað því hann hafi haldið sig í herberginu en brotapoli hafi kallað á sig að koma ekki fram og að ákærði væri með hníf.

Rannsóknarlögreglumaður nr. C, sem staðfesti skýrslur sínar, kvaðst hafa komið á vettvang eftir að ákærði var fluttur þaðan og tekið þar skýrslu af brotapola, sem hafi verið í miklu uppnámi og klæðst flíspeysu. Vitnið kvaðst hafa farið yfir vettvang með

lögreglumönnum á staðnum og sagði augljóst að mikið hefði gengið á á efri hæð hússins. Á upptöku búkmyndavélar hafi sést hvar lögregla fann hnífinn en vitnið kvaðst ekki muna hvort hnífurinn hefði verið heill og verða að vísa til upptökunnar. Kvaðst hann ekki muna eftir að hafa skoðað hnífinn eða föt brotþola en fötin hefðu hvorki verið haldlögð né ljósmynduð. Þá sagðist vitnið ekki vita hvers vegna ekki hefði verið tekin skýrsla af syni brotþola, tekið blóðsýni úr ákærða eða aflað upplýsinga frá Neyðarlínu en málið hefði verið eitt af allra fyrstu málum vitnisins sem rannsakara. Ekki hafi þótt tilefni til að kalla á tæknideild. Framhaldsrannsókn sem óskað hafi verið eftir af embætti héraðssaksóknara hafi, eftir því sem vitnið minnti, m.a. varðað að afla upptöku úr búkmyndavél sem hafi sýnt fundarstað hnífs auk ljósmyndaskýrslu af áverkum brotþola.

Vitnið, lögreglumaður nr. B, sem staðfesti framskýrslu, bar fyrir dómi að tilkynnt hefði verið um mjög æstan mann óvelkominn í hús og er lögregla var á leiðinni vegna þess hefði komið önnur tilkynning um að sonur tilkynnanda hefði einnig hringt og tilkynnt um föður sinn í átökum við annan mann. Vitnið kvaðst, aðspurt um að í framskýrslu segði að tilkynnt hefði verið um árás með hnífi, ekki muna nákvæmlega hvernig tilkynningin hefði verið en muna að púlsinn hefði hækkað þegar sonurinn hringdi. Á vettvangi hafi brotþoli verið með ákærða í tökum og sonur brotþola verið inni í herbergi. Brotþoli hafi greint frá því að hafa beðið ákærða um að hætta ónæði fyrr um nóttina, síðan heyrt læti fyrir utan en þar hafi ákærði verið að brjóta rúðuna í bifreið brotþola. Hann hafi hlaupið upp til að geta greint lögreglu frá nafni ákærða en þá hafi ákærði hlaupið inn í íbúð brotþola og síðan hlaupið á móti brotþola með hníf. Sést hafi áverkar á brotþola en föt hans hafi ekki verið skoðuð. Brotþoli hefði sagt að hann hefði fundið fyrir stungu og að hnífsoddurinn hefði brotnað af við átökin. Vitnið kvaðst hafa sparkað frá hnífskaftinu þar sem það lá hjá brotþola og ákærða sem voru í átökum, ekki muna hvar hnífsblaðið hafi verið en geta staðfest að þurft hafi að leita að því. Vitnið kvaðst hafa skoðað efri hæð hússins, en þar hafi verið brotnir hlutir, og sagði augljóst að rótað hefði verið í hnífaparaskúffu án þess að hafa skoðað hana nánar.

Sérfræðilæknir nr. I á bráða- og göngudeild Landspítala, sem staðfesti læknisvottorð sitt, dags. 12. apríl 2022, kvað brotþola hafa m.a. verið með yfirborðs-hrufl og skrámur línulega vinstra megin neðarlega á brjóstkassa og punktsár aðeins ofar, auk fleiri áverka eins og lýst er í vottorði. Áverkarnir hafi hvorki verið alvarlegir né djúpir, meira eins og yfirborðssár. Vitnið kvað aðspurt hjartað og lunga liggja á sama svæði og áverkar og að þau líffæri gætu verið í hættu við dýpri stungu og brotþoli hefði

Því getað verið í lífshættu hefði blaðið gengið inn milli rifbeina. Vitnið kvaðst hins vegar ekki hafa séð hnífinn, aðspurt hvort miklu hefði mátt muna. Punktúsar þýði áverki eftir odd. Vitnið kvað brotapolá hafa greint frá því að hafa verið stunginn með brotnum hnífi og því kvaðst vitnið hafa gengið út frá því að um brotið hnífsblað væri að ræða með smá oddi. Borið var undir vitnið að samkvæmt myndum væri enginn oddur á hnífsskaftinu sem blaðið virðist hafa losnað af og hvort það væri mögulegt að neðri áverkinn hefði myndast við að hnífi væri stungið en blaðið brotnað frá og skaftið skrapast við brotapolá. Vitnið kvað það ekki útilokað. Eftir að hafa séð myndir af hnífnum kvað vitnið efri áverkann geta verið eftir fyrri stungu og í átökum hafi hnífurinn brotnað og neðri áverkinn gæti verið eftir að skaftið hafi verið rekið í brotapolá, en það væru getgátur. Svona hnífur með um 10–12 cm löngu blaði gæti farið í hjartað færi hann á kaf í brjóst-kassa. Brotapoli hafi lýst stungum í gegnum föt en vitnið kvaðst ekki muna hvort hann hefði séð þau. Það væri mögulegt að fötin hefðu hlíft brotapolá og að hnífurinn hefði brotnað við það. Vitnið kvaðst aðspurt telja líklegt að áverkar brotapolá hafi samrýmst því að eitthvað hafi verið rekið í hann, hvað sem það hafi verið. Vitnið kvaðst ekki treysta sér til að fullyrða hvort punktúsar gætu verið eftir skaftið á þessum hnífi. Eftir að hafa séð hnífsskaftið og hnífsblaðið kvaðst vitnið telja líklegra að neðri áverkinn gæti verið eftir skaftið en ekki væri unnt að útiloka að efri áverkinn væri eftir hnífsodd. Aðrir áverkar brotapolá hafi samrýmst því að hann hafi verið í átökum við annan mann.

Læknir nr. J, sem staðfesti læknisvottorð sitt, dags. 16. september 2024, kvaðst hafa komið að máli ákærða í apríl til september 2024 og [...] síðasta sumar. Upplýsingar í læknisvottorði væru teknar úr sjúkraskrá ákærða en frá mars 2022 hafi hann verið í um [...]. Hann hafi í kjölfarið [...]. Á greiningarfundi í september 2024 hafi [...]. Þá hafi hann verið [...]. [...] Seinna komi [...]. Fólki með [...]. Vitnið kvaðst halda að ákærði [...]. Miðað við gögn um ákærða hafi gengið mjög vel en unnt sé að halda einkennum niðri með lyfjum og fólk eigi að geta lifað nokkuð eðlilegu lífi.

G geðlæknir staðfesti matsgerð sína, dags. 17. nóvember 2024. Kvað hann ákærða hafa lýst mjög vel sinni hlið í þau fjögur skipti sem þeir hittust en ákærði sæi mikið eftir þessu og vissi að þetta hefði verið rangt. Ákærði bæri fyrir sig óminni sem væri mjög sjaldgæft [...] en væri algengara vegna drykkju. Ákærði [...]. Ákærði væri í dag á [...] og hefði snúið lífi sínu til betri vegar. Margt í fari ákærða velti á því að hann sé greindur að mörgu leyti en [...]. Varðandi sakhæfi væri mat matsmannsins að ástand ákærða mætti rekja til drykkju en ekki [...] og hann teldi að refsing komi að gagni.

Ákærði hefði verið með [...] sem ekki leiddu til þess að hann væri ósakhæfur en það að ákærði hefði [...] væri að hans mati vegna áfengisdrykkju ákærða.

E sálfræðingur, sem staðfesti vottorð sitt, dags. 30. ágúst 2024, kvaðst hafa hitt brotþola í tvö skipti. Brotþola hafi liðið illa, verið með [...], svo sem [...], [...], [...]. [...].

III

Niðurstaða

Ákærða er gefin að sök sérstaklega hættuleg líkamsárás, húsbrot og eignaspjöll, með því að hafa að morgni sunnudagsins 13. mars 2022, að [...] í [...], valdið spjöllum á bifreiðinni [...], sem er í eigu brotþola, þar sem hún stóð á bifreiðastæði fyrir utan húsið, með því að slá slökkvitæki nokkrum sinnum í framrúðu bifreiðarinnar þannig að rúðan brotnaði, og að því búnu farið heimildarlaust inn á heimili brotþola í húsinu, ráðist að brotþola og stungið hann tvisvar með hnífi vinstra megin í brjóstakassa, en þeir lentu í átökum í kjölfar þess, allt með þeim afleiðingum að brotþoli hlaut punktsár ofarlega á brjóstakassa niður undan holhönd í hæð við geirvörtu, örlítið punktsár neðarlega á brjóstakassa ásamt 3 sm línulaga mari eða hrufli, væg eymsli innanvert á neðri vör, örlítið hruflsár og væg eymsli á vinstri olnboga, eymsli og væga bólgu í kringum hægri þumalrót og fram á þumalinn og væg eymsli neðan við vinstri hnéskel. Eru brot ákærða talin varða við 2. mgr. 218. gr., 231. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur skýlaust játað þá háttsemi að hafa valdið eignaspjöllum á bifreið brotþola, svo sem þeim er lýst í ákæru, enda er það í samræmi við upptöku af ákærða sem liggur fyrir í málinu. Er háttsemi hans réttilega heimfærð til refsíákvæðis í ákæru.

Ákærði neitar sök að öðru leyti vegna líkamsárásar og húsbrots. Byggir hann sýknukröfu á því að ákæruvaldinu hafi ekki tekist lögfull sönnun. Framburður brotþola varðandi hnífsstungur hafi verið takmarkaður að því leyti að hann hafi ekki séð hnífinn heldur talið sig hafa orðið fyrir hnífsstungu. Því hafi verið mikilvægt að rannsókn lögreglu væri til þess fallin að leiða sannleikann í ljós en henni hafi verið verulega ábótavant. Á vettvangi hafi aðeins verið teknar örfáar ljósmyndir, föt brotþola hafi ekki verið haldlögð eða rannsökuð, hnífurinn ekkert verið rannsakaður m.t.t. lífsýna og tæknideild ekki kölluð til. Framburður læknis fyrir dómi hafi enn fremur leitt í ljós að áverkar brotþola hafi ekki endilega verið vegna hnífsodds. Samkvæmt lögregluskýrslu muni ákærði ekki eftir atviki með slökkvitæki en að öðru leyti hafi framburður hans verið stöðugur. Því er haldið fram að heimfærsla brotsins, sannist sök, eigi ekki undir 2. mgr. 218. gr. almennra

hegningarlaga nr. 19/1940, heldur 1. mgr. 217. gr. sömu laga. Hvorki hafi verið um hættulegt vopn að ræða né hafi aðferðin sem beitt var verið sérstaklega hættuleg. Verði brotið heimfært til 1. mgr. 217. gr. sé ljóst að það og húsbrot séu fyrnd. Sýkna verði ákærða af húsbroti enda hafi hurðin verið opin og þótt það verði að teljast ólíklegt að brotþoli hafi boðið ákærða inn sé það einfaldlega óupplýst.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 hvílir á ákærvaldinu sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag.

Ákærði lýsti í löngu og ítarlegu máli fyrir dómi aðdraganda árásar hans á brotþola að morgni 13. mars 2022, sem hann kvaðst skilja nú að væri vegna veikinda sinna. Greindi hann m.a. frá því að hafa verið mjög reiður við brotþola og hafa langað til að hefna sín á honum en tók fram að hann hafi ekki viljað meiða brotþola. Hann hafi ætlað að hrækja á bifreið brotþola og ákveðið að drekka í sig kjark með heilli þúrtvínsflösku á 20 mínútum og gengið á milli spegla. Hann hafi síðan bankað í gólfið fyrir ofan herbergi brotþola þar sem hann hafi talið brotþola hafa lítilsvirt sig og svo ætlað að vara brotþola við því að hann ætlaði að hella olú yfir bifreið hans. Brotþoli hafi sagt sér að hætta, ella myndi hann hringja á lögregluna. Þá hafi ákærði farið upp aftur, orðið reiðari, drukkið aðra víNFLösku og við það komist í óminnisástand. Síðan muni hann eftir því að berja bifreið brotþola með slökkvitæki en ekkert annað þar til hann var handtekinn. Er framburður ákærða ekki í samræmi við lögregluskýrslu þar sem ákærði kvaðst hafa ákveðið að drekka vín daginn áður og um nóttina og hafa drukkið eina 750 ml 20% þúrtvínsflösku. Hann hafi heyrt eitthvað milli hæða og hrækt á bíl brotþola en stöðvað sig í því og dottið í óminnisástand eftir það. Sagði hann enga forsögu hafa verið að átökunum. Spurður hvort hann hafi ætlað að skaða brotþola með hnífi sagðist ákærði ekki hefði gert þetta ef hann hefði ekki verið fullur heldur haft stjórn á sér. Kvaðst ákærði vera sekur, aðspurður um afstöðu til sektar eða sakleysis. Að mati dómsins þykir ótrúverðugt að ákærði muni svo miklu betur eftir aðdraganda árásarinnar en fyrir þremur árum, auk þess sem ósamræmis gætir í framburði hans varðandi magn áfengis, hvenær hann hafi byrjað að drekka og hvað hann hafi gert eða ætlað að gera fyrir óminnisástand. Þá þykir einkar ótrúverðugt að ákærði muni nú aðeins þann hluta háttseminnar sem náðist á myndbandsupptöku. Þykir af framburði ákærða fyrir dómi ljóst að hann hafi tekið ákvörðun um að drekka áfengi til þess að hefna sín með einhverjum hætti á brotþola. Fyrir liggur matsgerð geðlæknis, sem staðfest var fyrir dómi, um að ákærði hafi verið sakhæfur á verknaðarstundu. Taldi matsmaður ástand

ákærða hafa verið sökum áfengisdrykkju. Þykir því liggja fyrir ásetningur ákærða sem hann ber refsíabyrgð á, sbr. 17. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Framburður brotaþola fyrir dómi um aðdraganda að árásinni sjálfri er í aðalatriðum sá sami og hann gaf lögreglu á vettvangi, auk þess sem fyrir liggur upptaka af samskiptum ákærða og brotaþola fyrir líkamsárásina, en af henni er augljóst að ákærði var drukinn og æstur gagnvart brotaþola. Brotaþoli hringdi í lögreglu, er ákærði olli í kjölfarið miklu tjóni á bifreið brotaþola, og skildi hurðina eftir í hálfu gátt er hann fór upp til að kanna nafn ákærða en ákærði hljóp þá inn í íbúð brotaþola. Lýsti brotaþoli því að ákærði hefði aldrei áður komið þar inn og að honum hafi hvorki verið boðið inn né mátt halda að hann væri velkominn þar. Er að mati dómsins ljóst að ákærði hafði enga ástæðu til að ætla að hann mætti fara inn í íbúðina þó að hurðin væri í hálfu gátt. Verður framburður brotaþola lagður til grundvallar og þykir sannað að ákærði hafi gerst sekur um húsbrot umrætt sinn.

Þá var lýsing brotaþola á árásinni sjálfri í aðalatriðum sú sama fyrir dómi og hjá lögreglu. Ákærði hafi hlaupið inn í íbúðina og sparkað í svefnherbergishurð þar sem sonur brotaþola var, snúið við og hlaupið á móti brotaþola. Brotaþoli kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir að ákærði væri með hníf fyrr en hann fann fyrir sársauka í síðunni og sá hnífsskaft á gólfinu. Kvaðst hann hafa hrópað á son sinn að koma ekki fram og „hann er með hníf“. Er framburður brotaþola studdur framburði sonar hans, sem kvaðst hafa hringt á lögregluna eftir að ákærði sparkaði í herbergishurðina og greint frá því að ákærði væri með hníf, sem hann hafi vitað vegna þess að brotaþoli hafi hrópað það, en það kemur einnig fram í frumskýrslu málsins. Þá liggur fyrir upptaka úr búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi, þar sem sést að hnífssblaðið fannst í stofunni við ganginn. Hnífsskaftið fannst í gangi íbúðarinnar þar sem brotaþoli hélt ákærða niðri og var það staðfest fyrir dómi af lögreglumanni nr. B. Þykir framburður brotaþola um árásina trúverðugur.

Fyrir dómi kannaðist ákærði við að foreldrar hans ættu steikarhnífa sem og að hnífar í anddyri heimilis hans tilheyrðu heimilinu. Þó að rannsókn málsins hafi verið ábótavant að því leyti að hnífur sá er fannst á brotavettvangi í tveimur hlutum hafi ekki verið rannsakaður m.t.t. lífsýna eða borinn saman við hnífa í anddyri og í opinni eldhússkúffu á heimili ákærða og foreldra hans er að mati dómsins ekkert komið fram í málinu sem bendir til annars en að ákærði hafi komið með hnífinn af heimili sínu. Þykir hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi veitt brotaþola áverka með hnífnum.

Samkvæmt fyrirbyggjandi læknisvottorði sama dag og árásin átti sér stað, sem og myndum af áverkum brotaþola, var hann með punktsár á brjóstakassa neðarlega vinstra megin á kviðnum og út frá því var um 3 sm línulaga mar eða hrúfl sem var breiðara í annan endann. Ofarlega á brjóstakassa í hæð við geirvörtu var punktsár. Læknir sá er hitti brotaþola og ritaði læknisvottorð greindi frá því fyrir dómi að hann hafi skráð eftir brotaþola að ráðist hafi verið á hann með brotnu hnífsblaði og hann talið áverkana vinstra megin á brjóstakassa vel geta samræmst þeirri lýsingu. Þá sagði hann aðspurður að punktsár þýddi áverki eftir odd. Taldi hann ekki útilokað að neðri áverkinn hefði myndast við hnífsstungu en blaðið brotnað frá og skaftið skrapast við kvið brotaþola. Einnig væri mögulegt að fót brotaþola hefðu hlíft honum og skaftið brotnað af við það. Þá taldi hann, eftir að hafa séð hnífinn í tveimur hlutum í dómsal, líklegt að neðri áverkinn gæti verið eftir skaftið og ekki væri unnt að útiloka að efri áverkinn væri eftir hnífsodd. Brotaþoli greindi frá því fyrir dómi að hafa verið í bol við árásina sem á hefðu komið tvö göt. Bolurinn var hvorki haldlagður né rannsakaður en með því hefði mögulega verið unnt að varpa skýrara ljósi á hvort báðar stungurnar hafi verið með hnífsblaðinu og rannsókn málsins því ábótavant að því leyti. Þrátt fyrir það þykir að framangreindu virtu, og þá sérstaklega af myndum af áverkum brotaþola, þar sem efri áverkinn er punktsár en sá neðri er punktsár og hrúfl, hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi ráðist að brotaþola og stungið hann tvisvar með hnífi. Þykir unnt að leggja til grundvallar að við síðari stunguna hafi hnífurinn brotnað og skaftið skrapast við brotaþola en læknir sá er skoðaði brotaþola taldi það ekki útilokað.

Varðandi heimfærslu brotsins er til þess að líta að ákærði beitti hnífi sem samkvæmt framburði læknis hefði getað stungist í hjarta eða lungu hefði blaðið gengið milli rifbeina og brotaþoli þá verið í lífshættu. Árás ákærða á brotaþola var því sérstaklega hættuleg vegna þeirrar aðferðar sem beitt var, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 26. apríl 2012 í máli nr. 626/2011 og dóm Landsréttar 7. maí 2021 í máli nr. 874/2019. Eru skilyrði 2. mgr. 208. gr. almennra hegningarlaga því uppfyllt og skiptir engu í því sambandi þótt áverkar brotaþola hafi reynst vera minniháttar. Er háttsemi ákærða því réttilega heimfærð til refsíákvæðis í ákæru.

IV

Refsiákvörðun og einkaréttarkrafa

Samkvæmt sakavottorði sem liggur fyrir í málinu hefur ákærði ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi en hann hefur verið sakfelldur fyrir sérstaklega hættulega

líkamsárás, eignaspjöll og húsbrot. Til refsipýngingar horfir að háttsemi ákærða var tilefnislaus og alvarleg þar sem hættulegu vopni var beitt á brjóstkassa brotaþola og mildi að líkamstjón hlaust ekki af en brotið var framið í nærveru sonar brotaþola sem var barn að aldri. Hins vegar voru afleiðingar háttseminnar ekki alvarlegar. Ákærði kvaðst fyrir dómi iðrast mikið, hann hafi fengið viðeigandi úrræði og meðferð í kjölfar atviksins og hafi komið lífi sínu á rétta braut. Má ráða að svo hafi verið af gögnum sem liggja fyrir í málinu, vitnisburði dómkvadds matsmanns og vitnisburði geðlæknis. Með hliðsjón af framangreindu og með vísan til 1., 3., 6. og 8. tl. 1. mgr. 70. gr., 4. mgr. 70. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir hæfileg refsing ákærða vera átta mánaða fangelsi. Vegna mikils dráttar málsins á rannsóknarstigi vegna atvika sem ákærða verður ekki kennt um og þess að ákærði hefur nú breytt lífi sínu til hins betra, þykja uppfyllt skilyrði til að refsing ákærða verði öll skilorðsbundin eins og nánar kveður í dómsorði.

Ákærði er bótaskyldur vegna háttsemi sinnar og á brotaþoli rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Fyrir liggur vottorð sálfræðings sem einnig gaf skýrslu fyrir dómi, sem staðfestir töluverð áhrif brotsins á brotaþola en þau má einnig sjá á upptöku af skýrslu brotaþola hjá lögreglu. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 400.000 krónur sem bera vexti eins og í dómsorði greinir en dráttarvextir eru reiknaðir mánuði eftir birtingu bótakröfunnar fyrir ákærða. Þá skal ákærði greiða brotaþola málskostnað vegna bótakröfunnar eins og nánar greinir í dómsorði en þar er tekið tillit til virðisaukaskatts.

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 verður ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun verjanda síns, Ómars Arnar Bjarnþórssonar lögmans sem, með hliðsjón af eðli og umfangi máls og með hliðsjón af tímaskýrslu, þykja hæfilega ákveðin 1.439.640 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum. Ákærði greiði einnig útlagðan sakarkostnað samkvæmt framlögðum yfirlitum, samtals 828.648 krónur.

María Thejll héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Árbjartur Snær Kristjánsson, sæti fangelsi í átta mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði brotþola, A, 400.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 13. mars 2022 til 16. september 2024, en með dráttarvöxtum frá þeim degi, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, til greiðsludags.

Ákærði greiði brotþola málskostnað vegna bótakröfu, 234.360 krónur.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ómars Arnar Bjarnþórs-sonar lögmanns, 1.439.640 krónur.

Ákærði greiði annan sakarkostnað, 828.648 krónur.

María Thejll